

1915
Sélagssútilega
29-30. mars 2003
-Vindáshlið-

Tommy Sævarsson



5 KAFLI SKÁTASVEITIN

EFNISYFIRLIT



Eiginleikar skátasveitarinnar

- Skátasveitin styður og styrkir flokkakerfið
- Skátasveitin stendur vörð um markmið skátahreyfingarinnar
- Skátasveitin er samfélag sem stefnir fram á við í átt að sameiginlegri framtíðarsýn
- Skátasveitin er vettvangur þar sem flokkarnir hafa áhrif hverjir á aðra
- Kjörstærð skátasveitar er fjórir flokkar og um 28 unglingar
- Unglingar á aldrinum 13-15 ára þroskast mishratt
- Skátasveitir geta bæði verið blandaðar og kynjaskiptar

Uppbygging skátasveitarinnar

- Auk skátaflokkanna starfa í sveitinni þrjár aðrar skipulagseiningar
- Sveitarþingið setur grunnreglur og ákveður markmið og verkefni sveitarinnar
- Sveitarráðið skipuleggur starfið og stýrir þjálfun
- Foringjaflokkurinn veitir uppeldisfræðilega leiðsögn og stuðning. Hann metur starf sveitarinnar og framfarir skátanna

Ytri einkenni skátasveita og skátastarfs

- Orðið skáti
- Nafn skátasveitarinnar
- Skátabúningurinn
- Skátaklúturinn
- Skátaliljan og smárin
- Merkin
- Skátakveðjurnar
- Sveitarbókin eða fundargerðarbók sveitarinnar

EIGINLEIKAR SKÁTASVEITARINNAR

Skátasveitin styður og styrkir flokkakerfið

Skátaaðferðin er uppeldisfræðileg nálgun sem leggur áherslu á að treysta unglingunum og efla sjálfstraust þeirra með sjálfsnámi.

Hjá dróttskátum er traustið innsiglað með því að nota flokkakerfið, en það er hvetjandi og leiðir til þess að jafningjahópurinn verður sjálfkrafa lærdómssamfélag.

Af hverju þurfum við skátasveit ef flokkarnir geta starfað einir og sér?

- Vegna þess að flokkar þurfa á lágmarks skipulagsramma að halda til að uppfylla tvíþætt hlutverk sitt, annars vegar sem hópur jafningja og hins vegar sem lærdómssamfélag.
- Vegna þess að flokkar þurfa vettvang þar sem þeir geta haft áhrif hver á annan, gegnt hlutverki fyrirmynda og metið sína eigin frammistöðu.
- Vegna þess að foringjar lítilla hópa þurfa á lærdómssamfélagi að halda þar sem þeir geta lært leiðtogafærni.
- Vegna þess að flokkarnir þarfnast umhverfis þar sem hægt er að fá hvatningu frá fullorðnum, án þess þó að foringjarnir skipti sér beint af starfinu innan flokkanna.
- Vegna þess að flokkarnir þurfa öruggt starfsumhverfi þar sem þeir geta athafnað sig. Þannig er dregið úr mögulegri áhættu kerfisins.



Helsta hlutverk skátasveitanna er að hafa umsjón með og styrkja flokkakerfið og styðja frjálsræði og sjálfstæði skátaflokkanna.

Flokkurinn er lærdómssamfélagið og skátasveitin er stuðningskerfi hans.

Foringjar skátasveitarinnar verða að vera meðvitaðir um ábyrgð sína en gæta þess um leið að ganga ekki of langt í hlutverki sínu sem stuðningsaðilar. Skátasveitin má ekki taka yfir starfssvið flokksins eða skapa aðstæður sem hefta, takmarka eða draga úr sjálfstæði hans með beinum eða óbeinum hætti.

Skátasveitin stendur vörð um markmið skátahreyfingarinnar

Markmið skátahreyfingarinnar er að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Það er hinn raunverulegi tilgangur skátastarfsins. Markmiðið er sameiginlegt skátahreyfingunni um allan heim og er samofið uppeldishlutverki skátastarfsins.



Á heimsráðstefnu skáta sem haldin var í Durban, Suður-Afríku í júlí 1999 voru markmið skátahreyfingarinnar staðfest. Þau eru að stuðla að uppeldi barna, unglinga og ungs fólks með notkun gilda sem byggð eru á þeim andlegu, félagslegu og einstaklingsmiðuðu undirstöðuatriðum sem felast í skátaheitinu og skátalögunum. Auk þess eiga þau að stuðla að myndun betri heims þar sem einstaklingar eru sjálfum sér nægir og hafa uppbyggilegt hlutverk í samfélaginu.

Markmiðinu er náð með notkun *skátaaðferðarinnar* en hún gerir hvern og einn einstakling ábyrgan fyrir eigin þroska í átt að *sjálfstæðri, virkri og ábyrgri* manneskju.

Hvert er hlutverk skátasveitarinnar með tilliti til þessara markmiða?

- Allir sem taka þátt í skátastarfi, hvar sem er í heiminum eru tengdir hverjir öðrum og stefna að sama markmiði. Unglingar á aldrinum 13-15 ára upplifa líka þessi tengsl í starfi sínu í skátasveitunum. Skátasveitin ber ábyrgð á að beita öllum þáttum *skátaaðferðarinnar* á samræmdan hátt, með öðrum orðum að tryggja að unglिंगarnir upplifi það sem við köllum skátastarf.

Markmið hreyfingarinnar lita líka starf skátaflokkanna, en þar eru það ekki unglिंगarnir sem bera ábyrgðina á því að halda rétttri stefnu. Þeir heillast fyrst og fremst af því ævintýri sem felst í að *kanna ný svið* og *nema nýjar lendur* með *vinahópnum*, eins og fjallað var um í fyrsta og öðrum kafla. Það væri eiginlega bara skrýtið ef þeir hefðu gerst skátar „til þess að mennta sig“. Unglिंगarnir læra með því að taka þátt í skátastarfi, en skátasveitin ber ábyrgð á að starfið sé í takt við markmið hreyfingarinnar og leggur áherslu á tvö grundvallaratriði:

- Merkingu alls þess sem gert er (að stuðla að uppeldi og þroska ungmenna til að hjálpa þeim að bæta heiminn).
- Aðferðunum sem stuðst er við (að beita skátaaðferðinni, sem gerir ungmennin ábyrg fyrir eigin þroska).

Skátasveitin er samfélag sem stefnir fram á við í átt að sameiginlegri framtíðarsýn

Framtíðarsýn er svarið við spurningunni „Hvert stefnum við?“. Hún er sýn skátasveitarinnar á eigin framtíð. Framtíðarsýnin er vanalega sett fram í einu eða fleiri árlegum markmiðum sem sveitin leggur til að verði sett inn á áætlun viðkomandi skátafélags.

Framtíðarsýn samanstendur af tillögum eins og „í ár munum við útbúa fundarherbergi eða sér-funda aðstöðu fyrir alla flokka“; „hlutfall þeirra sem hætta í skátunum verði að hámarki 10%“; „við munum gista 16 nætur í útilegum og vera betur undirbúin fyrir ferðir og útivist“; „við munum taka þátt í öllum skátamótum sem BÍS eða skátafélögin bjóða upp á fyrir dróttskáta“; „stjórnendur sveitarfélagsins okkar munu líta á skátastarf sem eitt besta æskulýðsstarfið fyrir unglingana“; „í lok árs hefur fjölgað um tvo í foringjaflokknum og um 20% í sveitinni“, „Dróttskátabækurnar verða notaðar af öllum skátunum í sveitinni“ og svo framvegis. Framtíðarsýnin byggir á stöðu og styrk sveitarinnar, framtíðarvonum og skilning skátanna á möguleikum þeirra til að koma þeim í framkvæmd.



Deila þarf framtíðarsýninni með öðrum, þannig er líklegra að hún rætist. Mikilvægt er að öllum, bæði unglingum og fullorðnum, finnist þessi sýn bæði raunhæf og eftirsóknarverð. *Framtíðarsýn sem kynnt hefur verið* er meira en bara hugmynd. Hún er áhrifamikið og drífandi afl sem býr í brjósti allra skáta sveitarinnar. Hún getur vaxið úr hugmynd í veruleika ef hún er nógu sannfærandi til að allir vilji styðja hana. Þá er hún ekki lengur óljós hugmynd heldur bæði ápreifanleg og sýnileg. Hún veitir sveitinni innblástur með sameiginlegri sýn skátanna og hversu mismunandi sem verkefni flokkanna kunna að vera gefur hún þeim fótfestu í því sem þeir taka sér fyrir hendur.



Skátasveitin er vettvangur þar sem flokkarnir hafa áhrif hverjir á aðra

Þegar fjallað var um skátaflokkinn í 3. kafla, var sagt frá því að hann hefði gagnkvæm áhrif á aðra flokka. Skátasveitin er vettvangurinn þar sem flokkarnir verða fyrir áhrifum hver frá öðrum. Það gerist sjálfkrafa á öllum sviðum sveitarstarfsins, en þó sérstaklega við eftirfarandi aðstæður:

- Í *valverkefnum* sem eru sameiginleg fyrir alla sveitina. Þau eru annars vegar unnin þegar allir flokkarnir ákveða að vinna að samskonar verkefnum á sama tíma eða þegar þeir takast á við sérstök viðfangsefni innan sameiginlegs sveitarverkefnis. Sameiginleg sveitarverkefni ættu að vera það sérstök að þau trufli ekki verkefni flokkanna, en þau ættu alltaf að hafa forgang.
- Í *verkefnaröð* (project) þar sem flokkarnir taka að sér mismunandi viðfangsefni í samfellu verkefna sem saman mynda stærri heild.
- Í útilegum, í leikjum, við varðelda, í keppnum og öðrum hefðbundnum verkefnum sveitarinnar þar sem flokkarnir takast á hendur mismunandi ábyrgð.
- Í *sveitarráðinu* sem ber ábyrgð á að samræma mismunandi áherslur og hagsmuni flokkanna en þar eru flokksforingjar og aðstoðarflokksforingjar fulltrúar hvers flokks.
- Á *sveitarþinginu* þar sem allir skátar allra flokka hafa rétt til að tjá sig, hafa skoðanir og taka þátt í ákvarðanatöku.



Þessi samskipti gera flokkunum kleift að:

- Læra hverjir af öðrum.
- Meta frammistöðu sína og reyna að gera betur.
- Upplifa kosti samvinnu, samstöðu og hópinnu.
- Taka þátt í lýðræði, taka ákvarðanir, bera ábyrgð á niðurstöðunum og virða skoðun meirihlutans.
- Þjálfa félagslega færni í öruggu umhverfi með fyrirfram ákveðnum mörkum, þar sem skátarnir geta reynt á hæfileika sína og gert mistök án óþarfa áhættu eða afleiðinga sem ekki eru afturkræfar.

Kjörstærð skátasveitar er 4 flokkar og um 28 unglingar

Reynslan hefur sýnt að þrír til fimm flokkar í sveit er hagstæðasta fyrirkomulagið. Með því móti gefast góð tækifæri til samstarfs og samskipta jafningja og sameiginlegu verkefni verða áhugaverðari. Í sveit þar sem aðeins eru tveir flokkar eru gagnkvæm áhrif í lágmarki og sameiginleg verkefni ekki eins spennandi. Ef flokkarnir eru hins vegar fleiri en fimm þyngir það allt skipulag. Það minnkar möguleika á persónulegum stuðningi sveitarforingjanna við flokksforingjana, aðstoðarflokksforingjana og unglingana sem sveitarforingjarnir hafa umsjón með.

Miðað við ráðlagðan fjölda skáta í flokki, væri best að sveit með fjóra flokka hefði 20-32 skáta. Þessi fjöldi er þó ekki það mikilvægasta heldur að flokkarnir séu samsettir af jafningjum. Nauðsynlegt er að flokkarnir séu myndaðir af vinahópum óháð því hversu stórir þeir eru.

Ekki er gott að veita fleiri flokkum inngöngu í sveitina en hún ræður við að sinna með góðu móti miðað við fjölda tiltækra foringja sem eru bæði fullorðnir og þjálfaðir til starfsins. Það er óráðlegt að mynda risastórar skátasveitir. Slíkar sveitir líta út fyrir að vera öflugar og geta teft fram stórum hópi skáta, en þær hafa sjaldnast möguleika á einstaklingsmiðuðu starfi. Ef sveitin hefur fleiri en fimm flokka er sennilega best að mynda tvær sveitir, hvora með þremur flokkum en það fer þó eftir aðstöðu, aðstæðum og eiginleikum skátasveitarinnar. Uppskiptin munu augljóslega skapa þörf fyrir fleiri sveitarforingja til að geta sinnt hverjum skáta persónulega.

Unglingar á aldrinum 13–15 ára þroskast mishratt

Dróttskátasveitin samanstendur af skátaflokkum unglinga á aldrinum 13-15 ára. Aldursmörkin eru þó ekki algild þar sem hver unglingur hefur sinn eigin þroskahraða. Ætti því að fara meira eftir þroska einstaklingsins en aldri hvenær hann gengur í skátaflokkinn, hversu lengi hann er í honum og hvenær hann færir á milli aldurstiga. Það er metið í hverju tilfelli fyrir sig af unglingnum sjálfum með hjálp flokksins og sveitarforingjans sem fylgist með framförum hans og þroska.



Þetta þýðir að unglingar eru ekki endilega tilbúnir að ganga upp í rekkaskátana um leið og þeir verða 16 ára. Þeir geta verið tilbúnir nokkrum mánuðum fyrr eða nokkrum mánuðum síðar. Unglingar yngri en 15 ára ættu þó ekki nema í undantekningartilvikum að fá að ganga upp í rekkaskátasveit þar sem að verkefni og aðferðir sem þar eru notaðar henta þeim sennilega ekki.

Í hverju tilfalli þarf að huga vel að þroska unglingsins við inngöngu og taka tillit til vinasambanda og því hvernig viðtökur hann fær frá hinum skátunum í flokknum eða sveitinni.

Á sama hátt þurfa unglingar ekki að yfirgefa flokkinn á sextán ára afmælisdaginn sinn, heldur þegar þeir fara að hafa áhuga á og láta sig varða málefni sem eiga betur við á næsta aldursstigi. Án þess að vita af því sjálfir gefa unglingar vísbendingar um að þeir séu tilbúnir og hafi áhuga á að komast á næsta aldursstig og sveitarforingjarnir verða að læra að taka eftir slíkum vísbendingum.

Skátasveitir geta bæði verið blandaðar og kynjaskiptar

Fjallað hefur verið um það hér að framan að í sumum tilfellum geti flokkar verið blandaðir báðum kynjum. Það er þó háð einkennum hvers jafningjahóps fyrir sig, aldri skátanna, hversu fljótir þeir eru að vingast við skáta af hinu kyninu og uppeldi þeirra. Það hefur einnig komið fram að hvort sem flokkar eru kynjaskiptir eða blandaðir má ekki láta það trufla eðlilega virkni jafningjahópsins, hafa áhrif á innri samstöðu flokksins eða bitna á honum sem lærdómssamfélagi.



Rétt eins og flokkurinn getur skátasveitin líka verið blönduð. Hún getur verið samsett af kynjaskiptum og/eða blönduðum flokkum. Ákvörðun um samsetningu sveitarinnar er tekin af sveitarráði og hverjum skátaflokki fyrir sig á grundvelli hefða og reynslu, uppeldislegra aðstæðna og hefða skátafélagsins.

Það þarf að uppfylla ýmis grundvallaratriði til að hægt sé að halda úti blandaðri skátasveit:


- Koma þarf eins fram við alla flokkana. Þeir hafa sömu réttindi og skyldur, sama hvernig þeir eru samsettir og ekki má mismuna þeim á nokkurn hátt. Verkefni sveitarinnar mega ekki ýta undir staðalmyndir kynjanna eins og þær birtast oft í samfélaginu. Ekki skal gera neinn greinarmun á verkefnum fyrir stelpur og stráka. Ferlið við að velja verkefni fyrir næsta dagskrárhring hjálpar til við að sporna gegn slíkri mismunun kynjanna þar sem það býður hverjum flokki upp á sjálfstætt verkefnaval.
- Sveitin ætti að bæta vitund um kynjamun inn í uppeldisáætlun sína og leggja áherslu á þá möguleika sem það býður upp á að vera karl eða kona.
- Sveitarstarfið ætti að tryggja það að kynin viðurkenni og þekki hvort annað og virði vináttu hvors annars. Samstarf og samvinna flokkanna ætti að stuðla að því að kynin bæti hvort annað upp.
- Foringjaflokkurinn þarf að vera blandaður og það er ráðlegt að foringi af sama kyni hafi umsjón með vinnu hvers skáta að áfangamarkmiðum. Það gerir unglingunum bæði kleift að fylgjast með og læra af samvinnunni sem þau sjá hjá blandaða foringjaflokknum og að samsama sig fyrirmyndum af sama kyni.

UPPBYGGING SKÁTASVEITARINNAR

Auk skátaflokkanna starfa í sveitinni þrjár aðrar skipulagseiningar

Þær eru hluti af sveitinni og virka sem stuðningskerfi fyrir flokkakerfið.
Þær eru hvorki í ákveðinni virðingarröð né valdapíramída.

- Sveitarþing
- Sveitarráð
- Foringjaflokkur



Eins og sýnt er á myndinni, eru þessar einingar sporbrautir flokkakerfisins, hver um sig sinnir afmörkuðu stuðningshlutverki án þess þó að trufla starf flokkanna.

Sveitarþingið setur grunnreglur og ákveður markmið og verkefni sveitarinnar

Allir skátar sveitarinnar taka þátt í sveitarþinginu. Hver skáti tekur þátt í þinginu sem einstaklingur en ekki sem fulltrúi flokks síns. Sveitarþingið fundar að minnsta kosti tvisvar í hverjum dagskrárhring eða oftar ef aðstæður koma upp sem þarfnast þingfundar. Þingfundum er stjórnað af unglingi sem kosinn er til verksins við upphaf þingfundar. Sveitarfóringjar taka þátt í sveitarþingum þó að þeir hafi ekki kosningarétt.

Sveitarþingið setur reglur um starfsemi sveitarinnar. Þar sem reglurnar snerta alla skátana fá þeir allir að segja álit sitt á þeim og taka þátt í ákvarðanatökunni. Þingið hefur líka hlutverki að gegna þegar kemur að öðrum málefnum sem snerta alla sveitina:

- Það tekur ákvörðun um árleg markmið sveitarinnar eins og þau koma fram í áætlun sveitarinnar. Með öðrum orðum, það skapar *framtidarsýnina*.
- Það ákveður sameiginleg verkefni sem framkvæma á í hverjum dagskrárhring og samþykkir sveitaráætlunina þegar hún hefur verið sett upp af sveitarráðinu.

Sveitarráðið skipuleggur starfið og stýrir þjálfun

Ráðið er samsett af flokksfóringjum allra flokka, aðstoðarflokksfóringjum og fóringjaflokki sveitarinnar. Sveitarráðið fundar að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Því er stjórnað af sveitarfóringjanum þó að aðstoðarsveitarfóringjarnir geti skipst á að stjórna fundum þess að hluta eða öllu leyti og fái þannig tækifæri til þjálfunar í hlutverki stjórnandans.

Sveitarráðið hefur tvíþætt hlutverk: Annars vegar að stjórna og hins vegar að sjá um þjálfun fyrir flokksfóringja og aðstoðarflokksfóringja. Með aðild fulltrúa sinna í ráðinu taka allir flokkarnir þátt í ákvarðanatöku um sameiginleg verkefni. Til þess að þetta fyrirkomulag skili árangri þurfa skátarnir í flokkunum að vita fyrirfram um þau viðfangsefni sem taka á fyrir á sveitarráðsfundi svo þeir geti látið skoðanir sínar og flokksins síns í ljós.

Allir skátarnir í sveitinni sýna einhug um þá ákvörðun sem tekin er hver svo sem þeirra persónulega skoðun kann að vera.

Sveitarráðið stýrir samhæfingu viðburða og verkefna sveitarinnar og hefur því góða yfirsýn yfir samskipti og samvinnu flokkanna.



Skipulagsverkefni sveitarráðsins felast í því:

- Að undirbúa greiningu á stöðu sveitarinnar, að setja dagskráráherslur fyrir hvern dagskrárhring og sjá um forval verkefnatillagna fyrir sveitina.
- Að setja verkefni sem sveitarþingið hefur valið fyrir sveitina inn í sveitaráætlunina og hjálpa til við að skipuleggja þau og undirbúa.
- Að meta verkefni sem unnin eru í hverjum dagskrárhring og skapa forsendur til að leggja mat á persónulegar framfarir unglingsanna.
- Að finna aðferð og tíma til afhendingar dróttskátamerkjanna sem unglingsarnir fá samkvæmt tillögum *umsjónarforingjanna*.
- Að finna og fylgja eftir lausnum á því hvernig best er að fjármagna dagskrá sveitarinnar.
- Að styðja flokkana í starfi þeirra og við inntöku nýliða og kosningu flokksforingja og aðstoðarflokksforingja.
- Að undirbúa og standa fyrir aðgerðum til að fá nýja flokka í sveitina þegar þess gerist þörf.
- Að ákveða, í samvinnu við félagsstjórn, foringjaráð félagsins, sveitarþingið eða aðra hópa eftir því sem við á, hvort sveitin og/eða flokkarnir ættu að vera blandaðir eða kynjaskiptir – án fordóma eins og útskýrt var í 3. kafla.



Sveitarráðið stýrir þjálfun innan sveitarinnar og þarf því:

- Að sýna fordæmi í að starfa eftir skátaheitinu og skátalögnum.
- Að þjálf flokksforingja og aðstoðarflokksforingja svo þeir séu færir um að sinna skyldum sínum. Það er nauðsynlegt svo flokkakerfið virki almennilega. Það ætti að hafa í huga að sveitarforingjarnir virka eins og óbeinir leiðbeinendur, næstum alltaf í gegnum flokksforingja og aðstoðarflokksforingja.
„Skátaforinginn vinnur í gegnum flokksforingjann.“
(Baden- Powell, *Aids to Scoutmastership*, 1919)
- Að sjá fyrir sérstakri þjálfun, aðstoð og ítarefni um ákveðin verkefni með aðstoð foringjanna í sveitarráðinu eða þriðja aðila.
- Að útvega *sérkunnáttu-leiðbeinendur* fyrir sérkunnáttuverkefni sem einstakir skátar velja sér að vinna að og veita leiðbeinendunum upplýsingar og leiðbeiningar um hlutverk sitt.
- Að taka á móti nýliðum og skipuleggja nýliðatímabil fyrir þá.
- Að ákveða viðurkenningar eða leiðréttandi viðbrögð við hegðun skátanna þegar það er nauðsynlegt eða viðeigandi.



Foringjaflokkurinn veitir uppeldisfræðilega leiðsögn og stuðning. Hann metur starf sveitarinnar og framfarir skátanna



Æskilegt er að foringjaflokkur sveitarinnar samanstandi af einum sveitarforingja fyrir hvern skátaflokk eða hverja 8-10 skáta í sveitinni. Fjögurra flokka sveit þarf því fjóra fullorðna foringja, einn sveitarforingja og þrjá aðstoðarsveitarforingja. Foringjaflokkurinn hittist að jafnaði viku- til hálfsmánaðarlega og er stjórnað af sveitarforingjanum.

Það er mikilvægt að starfið í foringjaflokknum sé skemmtilegt og gefandi. Félagslegri þörf sveitarforingjanna innan jafningjahóps þarf að sinna til þess að sveitarforingjastarfið verði áhugavert. Foringjastörfin með unglíngunum verða þá ánægjulegur afrakstur vandaðrar undirbúningsvinnu, nokkurs konar uppskeruhátíðir.

Almennt má segja að sveitarforingjarnir séu í hlutverki óbeinna leiðbeinenda um uppeldi og menntun, annað hvort sem hópur eða einstaklingar, með því:

- Að skapa aðstæður fyrir sveitarstarfið.
- Vekja athygli á meginmarkmiðum skátahreyfingarinnar og framtíðarsýn sveitarinnar.
- Að ganga úr skugga um að allir þættir skátaaðferðarinnar séu nýttir í sveitarstarfinu og skapa skilyrði fyrir lærdómsvettvang í flokkunum.
- Að undirbúa bakgrunnsupplýsingar fyrir fundi sveitarþings og sveitarráðs og gæta þess að þar séu teknar ákvarðanir sem hæfa þroska unglínganna í skátasveitinni
- Að bera ábyrgð á því að fylgjast með og meta framfarir hvers einstaks skáta eins og fjallað verður um í kafla 11.
- Að undirbúa og halda foreldrafundi til að kynna starf sveitarinnar, framtíðarsýn hennar, markmið skátahreyfingarinnar og hlutverk foreldra í uppeldisstarfi skátasveitarinnar.

Sveitarforingjarnir skipta á milli sín verkum eftir persónuleika, reynslu, þekkingu og aðstæðum hvers og eins. Það er ráðlegt að sýna sveigjanleika við úthlutun verka frekar en að styðjast við fasta verkaskiptingu.

Í kafla 7 er fjallað nánar um ábyrgð sveitarforingja í hlutverki uppeldisleiðbeinenda.

Eitt helsta vandamál allra skátasveita er að finna nógu marga hæfa fullorðna foringja. Stundum finnum við þá ekki vegna þess að við leitum innan of þröngs hrings. Það er gott að víkka sjóndeildarhringinn og leita á nýjum stöðum, til dæmis meðal:

- Vina, samstarfsmanna og ættingja þeirra sem eru í foringjaflokknum. Þeir gætu haft áhuga á skátastarfi í gegnum skátana sem þeir þekkja.
- Fyrirverandi skátaforingja. Þar ættu ný foringjanámskeið að nýtast til að koma í veg fyrir tilhneigingu þeirra til að gera hlutina „eins og þeir voru gerðir þegar ég var skáti“, en það getur verið varasamt viðhorf.
- Foreldra skátanna sem eru oft spenntir yfir framförunum sem þeir sjá hjá börnum sínum.
- Kennara og annarra sérfræðinga í uppeldisstarfi unglinga.
- Háskólastúdenta, sérstaklega þeirra sem leggja stund á nám í uppeldisfræði, tólstundafræði eða tengdum fögum.
- Fólks sem vinnur hjá félags- og samfélagssamtökum, hjá hjálparstofnunum, þjónustustofnunum, góðgerðarsamtökum eða fólks sem vinnur við uppeldisstörf.
- Starfsmanna félags- og frístundamiðstöðva og frístundaheimila.

Það er ekki nauðsynlegt að hafa verið skáti áður en maður gerist skátaforingi. Foringjaþjálfun BÍS, starfsþjálfun og stuðningur foringjaflokksins veitir nauðsynlega þekkingu og reynslu og stuðlar að þeim persónulega þroska sem þarf til að sinna starfinu.



YTRI EINKENNI SKÁTASVEITA OG SKÁTASTARFS

Orðið skáti

Á Íslandi er heitið „skáti“ notað fyrir öll aldursstig skátastarfs, drekkaskátar eru 7-9 ára, fálkaskátar eru 10-12 ára, dróttaskátar eru 13-15 ára, rekkaskátar eru 16-18 ára og róverskátar 19-22 ára. Víða erlendis er heitið „scout“ aðeins notað fyrir starf 11-15 ára skáta, þó að hreyfingin og almenningur noti heitið sem samheiti allra þeirra sem taka þátt í skátastarfi.



Pálmi Pálsson kennari við Menntaskólann í Reykjavík gaf íslenskum skátum heitið „skáti“.

Baden-Powell notaði orðið „scout“ í bók sinni *Scouting for boys* vegna þess að það var almennt notað um könnuði, frumkvöðla, brautryðjendur, sæfarendur, trúboða, uppfinningamenn og rannsakendur, í stuttu máli um alla þá sem „ryðja brautina“ fyrir þá sem á eftir koma. Þegar hann hóf starf með ungmennum árið 1907 var farið að kalla drengina *skáta* löngu áður en skátahreyfingin tileinkaði sér nafnið formlega.

Á dönsku og norsku eru orðin „spejder“ og „speider“ notuð um skáta, en þau þýða „könnuður“. Á þýsku nefnast skátar „pfadfinder“ sem líka þýðir „könnuður“ eða „sá sem finnur leiðina“ eins og orðið „scout“ á ensku.

Nafn skátasveitarinnar

Skátasveitir bera oft táknræn nöfn tengd könnunarleiðöngurum, merkingum uppgötvunum eða landafundum. Einnig er algengt að nöfn skátasveita séu sótt í umhverfi skátafélags þeirra eða tengist hefðum þess. Nafnið getur líka vísað til framúrskarandi hóps eða persónu úr sögunni, staðar eða atburðar. Viðeigandi og smekklegt nafn getur hjálpað unglungum að samsama sig sveitinni.



Skátabúningurinn

Skátar nota skátabúninga sem sameiningartákn. Einkennisbúningurinn hefur verið einfaldaður í gegnum tíðina. Skátabúningarnir sem mest eru notaðir í dag voru hannaðir af BÍS til þess að skátar gætu sinnt verkefnum á þægilegan hátt við mismunandi aðstæður. Margar skátasveitir dróttskáta nota hettupeysur eða merкта stuttermaboli við dagleg störf. BÍS býður einnig upp á vandaða útlífs og vinnuskyrtu skáta og svo sérstakan hátíðabúning skáta.

Það eru ýmis tákn tengd skátabúningnum eins og klúturinn, alþjóðamerki, bandalagsmerkið, félagsmerki, dróttskátamerkin og tímabundin viðburðamerki.

Skátaklúturinn

Skátaklúturinn er þríhyrndur, brotinn saman og settur um hálsinn. Honum er svo haldið á réttum stað með hring eða hnút sem getur verið gerður úr mismunandi efnum. Klúturinn ber lit aldurstigsins sem sveitin tilheyrir og þjónar þeim tilgangi að tengja saman skáta um allan heim. Hann er líka mjög praktískur og getur komið að góðum notum í verkefnum og útilegum. Skátaklúturinn er borinn af öllum skátum sem hafa unnið skátaheitið og með því lofað að reyna að lifa eftir skátaheiti og skátalögum.

Skátaliljan og smárin

Skátaliljan og skátasmárin eru alþjóðleg merki skáta sem þekkt eru um allan heim.

Drengjaskátaliljan er gamla franska konungsliljan. Hún er upprunnin af fornum landakortum þar sem hún táknaði rós áttavítans sem benti í norður. Þaðan er hún tekin sem merki drengjaskáta. Eins og áttaviti á hún að hjálpa skátanum að rata rétta leið í lífinu.

Oddarnir þrír á liljunni tákna þrjá þætti skátaheitisins, þ.e. skylduna við guð og ættjörðina, að hjálpa öðrum og að halda skátalögum.

Bandið sem tengir saman liljublöðin táknað alheimsbræðralag skáta. Á gömlu íslensku skátaliljunni stendur Ísland á bandinu. Fyrir ofan bandið er hálfhringur sem er tákn sólarinnar og geislar stafa út eftir liljublöðunum. Þetta táknað ósk skáta um að vera sólaramegin í lífinu.





Kvenskátasmárinn er merki kvenskáta. Smárinn er gamalt írskt þjóðmerki. Lady Baden Powell var af írskum ættum og valdi smárann sem merki kvenskáta. Þrjú blöð smárans eiga að minna á þrjá þætti skátaheitisins á sama hátt og þrjú blöð skátaliljunnar.

Smárinn er lágvaxin planta sem vex þétt og myndar stund um stórar breiður. Hann vex í flestum löndum, þetta gildir einnig um kvenskáta, þeir starfa í flestum löndum heims.

Tákn áttavítanárinnar sem vísar í norður er bæði í skátaliljunni og skátasmáranum. Baden-Powell sagði táknin standa fyrir „brautina sem allir skátar skulu feta“.

Merkin

Merki skátanna eru skátaliljan fyrir drengjaskáta og skátasmárinn fyrir kvenskáta. Þau eru til í ýmsum útgáfum eftir skátabandalögum en íslenska skátamerkið, merki BÍS, sameinar þessi tvö merki í eitt. Umgjörð íslenska merkisins er hnútur sem þekktur er úr gömlum íslenskum vefnaði. Merki Bandalags íslenskra skáta og skátafélagsins sem sveitin tilheyrir sýna að skátasveitin er hluti af staðbundnu samfélagi og landssamtökum.



Dróttskátamerkið gefur til kynna að hvaða stigi skátinn er að stefna með starfi sínu og persónulegum áskorunum tengdum áfangamarkmiðunum.



Bronsrúnin



Silfurrúnin



Gullrúnin

Sérkunnáttumerkin sýna hvaða sérkunnáttuverkefnum skátinn hefur lokið, *útilífsmerkin* sýna fjölda dagsferða, útilega og skátamóta sem skátinn hefur tekið þátt í og *hvatatáknin* fyrir áfangamarkmiðin sýna hvaða áfangamarkmiðum skátinn er að vinna að á hverjum tíma. Sérkunnáttumerkin, útilífsmerkin og hvatatáknin eru límd í Dróttskátabók skátans.



Útilífsmerki



Sérkunnáttumerki

Leiðangursmerkið er æðsta viðurkenningarkerki dróttskáta. Skátarnir geta unnið að því á lokaári dróttskátastarfsins og hafa heimild til að bera merkið eftir að dróttskátatímabilinu lýkur.



Viðburðamerki, eins og merki tengd skátamótum eru borin tímabundið á búningnum á meðan viðburðir standa yfir og í nokkurn tíma eftir viðburðina.

Upplýsingar um öll þessi merki og staðsetningu þeirra á skátabúningnum hafa verið gefnar út í reglugerð og má finna hana á heimasíðu BÍS.

Ekki er gott að bera fleiri merki á búningnum en þau sem heimiluð eru. Annars er hætt við að þau glati merkingu sinni og heildaráhrifin gætu jafnvel orðið hégómleg og fráhrindandi.

Skátakveðjurnar

Skátakveðjurnar eru eitt af því, sem setja svip á skátastarfið. Skátar nota skátakveðjurnar við ýmis tækifæri og hátíðlegar athafnir. Skátakveðjan er gerð með hægri hönd. Þumalfingur er lagður yfir litla fingur og rétt úr hinum þremur fingrunum. Handleggurinn er sveigður lítillaga aftur, höndinni er haldið í ennishæð og lófinn látinn vísa fram. Þumall og litli fingur sem lagðir eru saman minna á að sá stærri eigi alltaf að gæta þess minni og alheimsbræðralag og friðarhugsjón skátahreyfingarinnar.



Gæta verður þess að nota skátakveðjurnar smekklega og við rétt tilefni. Skátakveðjurnar eru þrjár; almenna kveðjan, hátíðarkveðjan og vinstrihandarkveðjan.

Almenna kveðjan er notuð þegar skátar fara með kjörorð sitt, við fánaathafnir og ýmsar hátíðarathafnir.

Hátíðarkveðja skáta er notuð þegar farið er með skátaheitið eða skátalögin.



Vinstrihandarkveðjan er notuð af skátum þegar þeir heilsast með handabandi. Íslenskir skátar víxleggja litla fingur vinstri handar þegar þeir nota vinstrihandarkveðjuna. Það eru til margar þjóðsögur um uppruna þessa siðar. Sú sem þykir einna trúverðugust kemur frá hefð *Ashanti*-ættbálksins. Stríðsmenn Ashanti tóku yfirleitt í hægri hönd hvers annars til þess að þurfa ekki að leggja frá sér varnarskjöldinn sem þeir héldu á í vinstri hönd. Þegar þeir heilsuðu traustum vini lögðu þeir frá sér skjöldinn og buðu fram vinstri höndina sem tákni um trúnaðartraust.

Skátar ættu að forðast allar kveðjur sem hafa hernaðarlegt yfirbragð eins og að rétta úr öllum fingrum og bera höndina rösklega upp að enninu. Sum skátafélög og skátasveitir nota enn gamla fánakveðju skáta, en hún hefur fyrir löngu verið aflögð í flestum löndum heims.

Sveitarbókin eða fundargerðarbók sveitarinnar

Þrátt fyrir að bækur séu ekki táknrænir hlutir sem slíkir er góð hugmynd að sveitir hafi sérstaka bók fyrir fundarályktanir, þar sem skráðar eru ákvarðanir sem sveitarþing og sveitarráð taka. Bókin getur þá líka gegnt hlutverki vitnisburðar um hvað hefur verið samþykkt og hvað ekki. Hana er einnig hægt að varðveita sem ritaða heimild um sögu sveitarinnar, en það gæti hjálpað til við að viðhalda hefðum hennar og sérkennum.

